

Selásskóli - Ytra mat



September 2016



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Dröfn Rafnsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björk Ólafsdóttir

INNGANGUR	5
Selásskóli	6
Árangur og líðan nemenda – yfirlit	6
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í SELÁSSKÓA	8
STJÓRNUN - SAMANTEKT	10
Fagleg forysta	10
Stefnumótun og skipulag	12
Samskipti heimila og skóla	13
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	14
Nám og námsaðstæður	14
Þátttaka og ábyrgð nemenda	16
Skóli án aðgreiningar	17
Vettvangsheimsóknir í Selásskóla	19
SELÁSSKÓLI – YFIRLIT	23

Myndir:

Mynd 1: Talnalykill.	7
Mynd 2: Lesskimun	7
Mynd 3: Einstaklingsvinna eða samvinna nemenda í Selásskóla.	20
Mynd 4: Notkun tölvu- og upplýsingatækni í 17 kennslustundum í Selásskóla.	21
Mynd 5: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?	21
Mynd 6: Mat á gæðum kennslustundum í samanburði við 1000 aðrar.	22

Töflur:

Tafla 1. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Selásskóla árin 2005-2015	6
Tafla 2: Kennsluaðferðir í 17 kennslustundum í Selásskóla.	19
Tafla 3: Val á verkefnum í kennslustundum í Selásskóla.	19
Tafla 4: Val á útfærslu í kennslustundum í Selásskóla.	20
Tafla 5: Mat á 17 kennslustundum í Selásskóla.	22

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats á námi í Selásskóla sem fór fram í maí 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla og frístundastarfs og mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Selásskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2015-2016. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur í 6. og 7. bekk, starfsmenn og foreldra. Könnun foreldra fór fram á tímabilinu 18. apríl – 10. maí og svarhlutfallið 64% og könnun starfsmanna og nemenda fór fram um miðjan maí. Hjá starfsmönnum var svarhlutfall 68% og hjá nemendum 88%.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um ytra mat í Selásskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

SELÁSSKÓLI

Selásskóli er grunnskóli fyrir nemendur 1.-7. bekkjar. Skólastjóri er Sigfús Grétarsson og aðstoðarskólastjóri er Margrét Rós Sigurðardóttir.

Skólastarf í Selásskóla hófst haustið 1986. Skólinn var byggður í sex áföngum og lauk þeim síðasta haustið 2002 en þá varð skólinn einsetinn. Látum þúsund blóm blómstra eru einkunnarorð skólans. Á bak við þau orð felst umhyggja fyrir nemendum og ríkur vilji til að styðja sem best við framfarir, þroska og vellíðan þeirra. Haustið 2008 hóf skólinn að vinna samkvæmt þremur grunnstoðum sem gengið er út frá í dag: Ánægja-vellíðan, samvinna-samábyrgð og sérstaða. Sérstaða skólans er umhverfisstefna og áhersla á umhverfismennt með það að markmiði að nemendur skilji, þekki og virði umhverfi sitt og náttúru. Sérstaða skólans er enn fremur að vinna að öflugu lestrar- og læsissnámi nemenda.

Í Selásskóla voru 226 nemendur í 1.- 7. bekk þann 1. október 2015. Skólaárið 2015-2016 voru starfsmenn Selásskóla í 34,2 stöðugildum, þar af kennarar í 15,9 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,6 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en meðaltal í borginni í heild (7,7).¹ Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 14,2 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (12,9).²

ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT

Árangur nemenda í Selásskóla í samræmdum prófum hefur haldist svipaður síðust ár.

Í 4. bekk hefur námsárangur oftari verið undir meðaltali skóla í Reykjavík í íslensku og stærðfræði utan ársins 2014 þegar nemendur voru yfir meðaltali. Í 7. bekk var námsárangur nemenda í íslensku yfir meðaltali skóla í Reykjavík árið 2013 og í stærðfræði var 7. bekkur yfir meðaltali skóla í Reykjavík árin 2015 og 2012, (tafla 1).


Tafla 1. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Selásskóla árin 2005-2015

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl.											
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
4. bekkur											
Íslenska	33,5	29,4	30,7	24,4	30,2	33,7	31,1	26,2	29,2	30,7	26,3
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	30,7	30,5	30,9
Stærðfræði	32,6	30,1	31,2	29,2	29,4	30,5	26,8	26,7	27,4	31	26,6
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9	30,7	30,6	30,8
7. bekkur											
Íslenska	30,5	34,4	33,9	36,3	32,1	31,9	25,0	30,6	32,9	31,5	30,3
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	31,0	32	31
Stærðfræði	32,4	35,1	34,3	35,7	32,8	29,4	29,4	31,1	30,4	30,4	31,1
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,6	31,4	30,5

Á mynd 1 má sjá hlutföll nemenda í Selásskóla sem tóku þátt í talnalykli eftir því í hve mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er borin saman við hlutföll í Reykjavík í heild sinni sem og hlutföll í Selásskóla árið 2014.


¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.



Mynd 1: Talnalykill.

Á mynd 2 má sjá hlutföll nemenda sem lesa sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk. Seláskóli hefur verið um eða undir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár, árið 2015 gátu 60% nemenda sem tóku þátt, lesið sér til gagns í Seláskóla (í Reykjavík 64%) en árið 2014 voru það 37% nemenda (í Reykjavík 66%).



Mynd 2: Lesskimun

Seláskóli tók síðast þátt í könnun Skólalúpsins skólaárið 2013-2014. Þá mældust nemendur í Seláskóla yfir meðaltali skóla í Reykjavík, bæði í sjálfsáliti, 5,7 þegar landsmeðaltal var 5,3 og vellíðan, 5,2 í Seláskóla en 5,0 í Reykjavík. Skólinn lagði sjálfur könnun fyrir nemendur í desember 2015 í 4.-7. bekk þar sem líðan nemenda var könnuð. Niðurstöður sýndu að 98% sögðu að þeim liði vel í skólanum, 96% sögðu að þeim liði vel í bekknum sínum og 97% sögðu að þeim liði vel í frímínútum.

Framúrskarandi verklag:

- ★ Samstarf við leikskóla er gagnkvæmt og nær yfir fleiri verkefni en skólaheimsóknir nemenda.
- ★ Kafli um stuðning og sérfræðipjónustu í stefnu og starfsáætlun 2016-2017 er vandaður og þar er m.a. skilgreind ábyrgð og hlutverk hvers og eins.
- ★ Leiðarvísir fyrir foreldra og upplýsingar sem þar eru að finna, um samstarf skóla og foreldra, er til fyrirmyndar.

STYRKLEIKAR.

Starfsandi er almennt góður í Selásskóla, stöðugleiki í starfsmannahópnum og samstarf í skólanum gott. Starfsmannafundir eru haldnir reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir gerðar. Stjórnendur eiga almennt góð samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra og þeir leggja áherslu á að kynna þætti sem einkennir skólastarfið á fundum með foreldrum. Í skólabyrjun fá allir foreldrar bækling þar sem áherslur skólans og praktísk atriði eru kynnt. Leiðarvísir fyrir foreldra og upplýsingar sem þar eru að finna (á heimasíðu) um samstarf skóla og foreldra er til fyrirmyndar. Skipurit skólans endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar og vandaðar starfslýsingar eru fyrir alla starfsmenn skólans. Samstarf skólans við leikskólana í hverfinu er mjög gott og öðrum til eftirbreytni. Þróunarverkefnið Heimahagar, sem snýst m.a. um að auka samvinnu og samstarf skólastiganna er unnið í skólanum og fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2016.

Í stefnu og starfsáætlun skólans er læsisstefnu Selásskóla gerð mjög góð skil. Læsisstefnan er unnin í samvinnu við leikskóla í hverfinu en einn af fjórum megin umbótaþáttum í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er að efla málþroska, læsi og lesskilning.

Skólareglur liggja fyrir og nemendur í 1.-6. bekk gera auk þess bekkjarreglur með umsjónarkennurum sínum. Ítarleg og vönduð áfallaáætlun og áætlun um viðbrögð við einelti er til. Vönduð heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar er einnig til og áætlun um kannanir og skimanir er mjög greinargóð. Kafli um stuðning og sérfræðipjónustu í stefnu og starfsáætlun 2016-2017 er til fyrirmyndar.

Skólaráð fundar reglulega og fjallar m.a. um helstu ákvarðanir er varða skólastarfið. Mótaðar hafa verið vinnureglur fyrir ráðið og helstu ákvarðanir eru lagðar fyrir það. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu. Í gögnum skólans kemur fram að fulltrúar foreldra eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins að vori og í rýnihópum kom fram að aðgengi foreldra er gott að stjórnendum og hlustað er á þeirra tillögur.

Í desember 2015 lagði skólinn fyrir könnun í 4. -7. bekk um líðan nemenda í skólanum og frímínútum sem kom mjög vel út og á vettvangi voru allar kennslustundir metnar góðar eða frábærar af matsaðilum. Í vettvangsheimsóknum sást að flestir kennarar lögðu sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda og fagþekking þeirra var sýnileg. Kennarar tengdu kennslu og verkefni við fyrra nám nemenda og að öllu jöfnu var tekið tillit til þarfa allra nemenda í þeim stundum sem matsaðilar fóru í. Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta

kennsluhætti í Selásskóla og almenn ánægja var meðal kennara og stuðningsfulltrúa með aðstöðu í skólanum. Starfshættir í skólanum taka mið af hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og í Selásskóla eru almennt væntingar til þess að allir nemendur geti lært. Það er viðurkennt og virt að nemendur hafi ólík markmið og reynt er að tryggja að allir nemendur geti tekið þátt í starfinu. Stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk og stuðningsfulltúar fylgja öllum nemendum sem þurfa fylgd og hafa upplýsingar um þá nemendur.

Heildaráætlun um skipulag sértæks stuðnings við nemendur hefur verið gerð og nám nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er skipulagt með skýrri og vel unninni einstaklingsnámskrá.

Skimanir og kannanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi og skólinn hefur nýtt sér þjónustu og ráðgjöf frá þjónustumiðstöð.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti stefnu og starfsáætlun skólans 2016-2017 á heimasíðu skólans og tryggja að allir starfsmenn skólans fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu um hana. Skilgreina ætti hvað felst í góðum skólabrag og leiðir til að viðhalda honum. Stofna ætti matsteymi og vinna að umbótaáætlun og gera símenntunaráætlun í samræmi við áherslur skólans og umbótaþætti. Móta ætti forvarnaráætlun, áætlun um móttöku nýrra nemenda, áætlun nemenda sem þurfa sérstakan stuðning, áætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og birta á heimasíðu skólans. Fylgjast ætti reglulega með framgangi stefnu skólans í gegnum innra mat.

Stjórnendur ættu að vera sýnilegri í skólastarfinu og halda áfram að vinna að því að leggja áherslu á að veita endurgjöf til starfsfólks. Skoða þarf hvernig hægt er að auka aðgengi almennra starfsmanna að tölvum og bæta upplýsingaflæði til þeirra.

Birta á námsvísa/kennsluáætlanir fyrir alla árganga og námsgreinar og setja inn upplýsingar um námsmatsviðmið og matskvarða og kynna markvisst fyrir nemendur og foreldrum. Halda þarf áfram að leita leiða til að auka árangur nemenda á samræmdum prófum og könnunum. Vettvangslýsingar sýndu að nokkuð fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám í Selásskóla en mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt enn frekar. Tryggja þarf að nemendum sé alltaf ljóst hvert markmið kennslustundarinnar er sem og viðmið um árangur. Auka ætti umræður, ígrundun og gagnrýna hugsun nemenda og auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni. Tölvu- og upplýsingatækni ætti að auka í verkefnum nemenda og leita ætti leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og vinna samkvæmt þeim.

Fulltrúar nemendur sitja ekki í skólaráði en skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og bregðast ætti við því. Leita ætti leiða til að virkja foreldra til meira samstarfs og markvisst ætti að leita eftir tillögum og ábendingum þeirra varðandi skólastarfið. Mikilvægt er að setja inn helstu upplýsingar um skólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

Sameiginleg sýn um skóla án aðgreiningar hefur ekki verið mótuð í samvinnu og samræðu starfsfólks, foreldra og nemenda en mikilvægt er að móta þá sýn með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda. Leggja ætti áherslu á að gera heildarstefnu skólans að virku skjali í starfseminni.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst er fjallað um nám og kennslu.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla*.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Selásskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

Stjórnendur eiga almennt góð samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra. Þeir leggja sig fram við að heyra frá starfsmönnum ef eitthvað er og funda reglulega um málefni skólans. Stjórnendur leggja áherslu á að kynna þætti sem einkennir skólastarfið á fundum með foreldrum og í skólabyrjun fá allir foreldrar bækling þar sem áherslur skólans og praktísk atriði eru kynnt.

Í könnun starfsmanna sögðust 85% svarenda þekkja stefnu og gildi skólans og í gögnum ytra mats kom fram að flestir starfsmenn, kennarar og nemendur þekktu einkunnarorð skólans, *Látum þúsund blóm blómstra* sem eru birt á heimasíðu og í stefnu og starfsáætlun. Hrós og hvatning er markvisst notuð af hluta stjórnenda og kennarar í rýnihópi voru sammála því að stjórnendur hrósa ávallt eftir vel heppnaða viðburði. Stjórnendur miðla upplýsingum um skólastarfið á heimasíðu skólans þar sem m.a. fréttir af árangri nemenda utan sem innan skólans eru settar, ásamt kynning á niðurstöðum kannana.

Skipurit skólans endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar og vandaðar starfslýsingar eru fyrir alla starfsmenn skólans og við nýráðningar er aflað upplýsinga hjá Sakaskrá. Starfsþróunarsamtöl eru reglulega og kennarar í rýnihópi voru almennt ánægðir með samtölin og fannst þau gagnleg. Vönduð jafnréttisáætlun og áætlun um móttöku nýrra starfsmanna hefur verið gerð.

Starfsandi er almennt góður, stöðugleiki í starfsmannahópnum og samstarfið í skólanum er gott. Starfsmannafundir eru haldnir reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á sameiginlegu tölvudrifi.

Stjórnendur hafa brugðist við óskum um betri upplýsingamiðlun með því að senda út vikulegt fréttabréf í tölvupósti og í rýnihópi kennara kom fram mikil ánægja með það.

Samstarf skólans við leikskólana í hverfinu er til fyrirmyndar og öðrum til eftirbreytni. Þróunarverkefnið Heimahagar, sem snýst m.a. um að auka samvinnu og samstarf skólastiganna er unnið í skólanum og fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2016. Gagnlegt væri ef Selásskóli kynnti verkefnið fleirum skólum.

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum í skólanum og vilji er til skólaþróunar. Dæmi um þróunarverkefni er verkefnið Heimahagar sem fjallað var um hér að framan en það er unnið í samstarfi við leikskóla hverfisins og Náttúruskóla Reykjavíkurborgar. Önnur þróunarverkefni eru verkefni um samþættingu stærðfræði og íþróttakennslu, verkefnið Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, verkefni sem snúa að eflingu læsis s.s. Orð af orði og PALS en skólinn hefur í samstarfi við leikskóla í hverfinu mótað lestrarstefnu.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti stefnu og starfsáætlun skólans 2016-2017 á heimasíðu skólans og tryggja að allir starfsmenn skólans fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu um hana. Æskilegt væri að gera gildi skólans sýnilegri í daglegu starfi, vinna markvisst með þau og kynna þau fyrir nemendum, starfsfólki og foreldrum (Ánægja-velliðan, samvinna-samabyrgð og sérstaða).

Stjórnendur mættu vera sýnilegri í skólastarfinu og vinna markvisst að því að efla samskipti við nemendur og kennara. Stjórnendur ættu einnig að halda áfram að vinna að því að leggja áherslu á að veita endurgjöf til starfsfólks. Að sögn skólastjóra hafa kennarar óskað eftir að haldnir séu stigsfundir og fyrirhugað er að bregðast við þeirri ósk á komandi vetri. Skoða þarf hvernig hægt er að auka aðgengi almennra starfsmanna að tölvum og bæta upplýsingaflæði til þeirra, er varðar starfið.

Fylgjast ætti reglulega með framgangi stefnu skólans í gegnum innra mat. Stjórnendur ættu t.a.m. að leggja áherslu á að vinna að áætlun um innra mat í skólanum sem hefur verið gerð og skilgreina þar mælikvarða um árangur og hverjir eru ábyrgðarmenn fyrir hverjum þætti. Stofna ætti matsteymi í skólanum og byggja umbótaáætlun á stefnu skólans og niðurstöðum innra mats. Gera þarf símenntunaráætlun í samræmi við áherslur skólans og umbótaþætti þar sem fram kemur m.a. hvaða símenntun er í boði, markmið og fyrir hverja fræðslan er ætluð.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans, undir fyrirsögninni skólanámskrá, þar sem almennur hluti stefnu og starfsáætlunar er birt í einu skjali. Búið er að skipuleggja áframhaldandi vinnu við endurskoðun nýrrar skólanámskrár á komandi skólaári og í gögnum skólans kemur fram að skólaráð fær starfsáætlun til yfirlestrar og samþykktar.

Í stefnu og starfsáætlun skólans er læsisstefnu Selásskóla gerð mjög góð skil. Læsisstefnan er unnin í samvinnu við leikskóla í hverfinu. Skóladagatal Selásskóla uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda. Skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá, 1200 mínútur á viku í 1.-4. bekk og 1400 í 5.-7. bekk.

Skólareglur liggja fyrir og nemendur töldu þær almennt sanngjarnar. Nemendur í 1.-6. bekk gera auk þess bekkjarreglur með umsjónarkennurum sínum. Ítarleg og vönduð áfallaáætlun og áætlun um viðbrögð við einelti er til. Vönduð heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar er einnig til og áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa námsaðstoð er greinargóð. Kafli um stuðning og sérfræðipjónustu í stefnu og starfsáætlun 2016-2017 er til fyrirmyndar. Kaflinn er vel upp settur og vandaður og ábyrgð og hlutverk hvers og eins er skilgreint.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stefna og starfsáætlun, sem er í vinnslu, ætti að birta á heimasíðu skólans. Þar eru margar upplýsingar sem þar eiga að vera en eftir á að birta námsvísa og kennsluáætlanir fyrir alla árganga og setja inn upplýsingar um námsmatsviðmið og matskvarða. Brýnt er að ljúka þeirra vinnu og innleiða og kynna markvisst fyrir nemendur og foreldrum. Jafnframt því ætti að birta námsvísa/kennsluáætlanir á heimasíðu fyrir alla bekki og allar námsgreinar. Gott verklag er að birta skólanámskrá og starfsáætlun sem heildstæð skjöl eða undir tveimur yfirheitum á heimasíðu og ræða ætti framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð. Gagnlegt væri að birta tímafjöldi einstakra námsgreina í starfsáætlun til upplýsinga, m.a. fyrir foreldra.

Fjalla ætti á markvissari hátt um áherslur í list-, verk- og tæknigreinum og fjölmenningu í stefnu skólans og tækifæri liggja í því að móta markvissari stefnu um hvernig grunnþættirnir sex birtast í einstökum námssviðum. Skilgreina ætti hvað felst í góðum skólabrag og leiðir til að viðhalda honum. Móta ætti forvarnaráætlun, áætlun um móttöku nýrra nemenda, áætlun nemenda sem þurfa sérstakan stuðning, áætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og birta á heimasíðu skólans.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

Skólaráð fundar reglulega og fjallar m.a. um helstu ákvarðanir er varða skólastarfið. Mótaðar hafa verið vinnureglur fyrir ráðið og helstu ákvarðanir eru lagðar fyrir það. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu. Í gögnum skólans kemur fram að fulltrúar foreldra eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins að vori og í rýnihópum kom fram að aðgengi foreldra er gott að stjórnendum og hlustað er á þeirra tillögur. Stjórn foreldrafélagsins er með fundaraðstöðu í skólanum.

Leiðarvísir fyrir foreldra og upplýsingar sem þar eru að finna um samstarf skóla og foreldra er til fyrirmyndar. Leiðarvísirinn er birtur á heimasíðu skólans. Auk þess er foreldrum boðið á námsefniskynningu að hausti og í morgunverðarspjall þar sem stjórnendur kynna áherslur í skólastarfinu. Allir foreldrar fá bækling með hagnýtum upplýsingum um skólann þegar nemendur byrja í skólanum. Væntanlegum nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra er boðið að koma í vorskóla til að kynnst skólastarfinu og nemendur í 7. bekk í Selásskóla og foreldrar þeirra fá kynningu á valkerfi í Árbæjarskóla að vori áður en þeir skipta um skóla. Almennar upplýsingar til foreldra sendar vikulega til þeirra sem eiga börn á yngsta stigi en upplýsingar eru settar inn á Mentor fyrir þá foreldra sem eiga börn á miðstigi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Fulltrúar nemendur sitja ekki í skólaráði en skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 eiga nemendur að hafa tvo fulltrúa í ráðinu og við því ætti að bregðast. Leita ætti leiða til að virkja foreldra til meira samstarfs og markvisst ætti að leita eftir tillögum og ábendingum þeirra varðandi skólastarfið. Æskilegt væri að kynna námsmarkmið fyrir foreldrum og bjóða foreldrum að koma og ræða við kennara um stöðu nemenda og árangur til viðbótar við hefðbundin foreldrasamtöl. Mikilvægt er að setja inn helstu upplýsingar um skólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Selásskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

Starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017 sem matsaðilar fengu við ytra matið, er skýrt fram sett og uppfyllir að mestu þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og eru í skólastefnu sveitarfélagsins. Grunnþáttum menntunar hefur að mestu verið gerð skil í skólanámskránni, dæmi um það er læsisstefna Selásskóla og lýðræði sem m.a. er gerð góð skil með jafnréttisáætlun. Unnið er að þáttum í tengslum við sjálfbærni í skólanum í tengslum við grænánaverkefni.

Vönduð og vel útfærð áætlun um kannanir og skimanir hefur verið gerð í Selásskóla þar sem m.a. kemur fram í hvaða bekkjum kannanir og skimanir eru gerðar. Í desember 2015 lagði skólinn fyrir könnun í 4. -7. bekk um líðan nemenda í skólanum og frímínútum sem kom mjög vel út. 98% sögðu að þeim liði vel í skólanum, 96% að þeim liði vel í bekknum sínum og 97% sögðu að þeim liði vel í frímínútum. Árangur nemenda í samræmdum prófum (árin 2010-2015) í 4. bekk í Selásskóla var yfir meðaltali skóla í Reykjavík árið 2014 í íslensku og stærðfræði. Í 7. bekk var námsárangur nemenda í íslensku yfir meðaltali skóla í Reykjavík árið 2010 og 2013 og í 7. bekk var árangur í stærðfræði yfir meðaltali skóla í Reykjavík árin 2012 og 2015.

Matsaðilar fóru í 20 kennslustundir við ytra matið en 17 voru metnar út frá viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2). Í kaflanum *vettvangsheimsóknir í Selásskóla* er yfirlit niðurstaðan á mati kennslustunda sem matsaðilar fóru í. Í þeim kennslustundum sást að flestir kennarar lögðu sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda og fagþekking þeirra var sýnileg í flestum vettvangsathugunum. Kennarar tengdu kennslu og verkefni við fyrra nám nemenda og að öllu jöfnu var tekið tillit til þarfa allra nemenda í þeim stundum sem matsaðilar fóru í. Samþætt verkefni voru mest á yngsta stigi og með þemaverkefnum t.d. í myndmennt og textíl. Einnig eru þemadagar alltaf í byrjun júní og auk þess eru vinadagar á haustin en þá hittast 1. og 4. bekkur, 2. og 5. bekkur og 3. og 6. bekkur og vinna verkefnin saman. Í könnun nemenda sögðu 96% þeirra sem tóku þátt að þeim gengi vel í náminu og 86% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að kennarar hvetji þá til að gera sitt besta. Foreldraviðtöl eru reglulega í skólanum og í foreldrakönnun kom fram að meirihluti þeirra sem tóku þátt (79%) eru mjög eða frekar sammála því að heimanám hafi skýr markmið og sé vel skipulagt.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti í Selásskóla og almenn ánægja var meðal kennara og stuðningsfulltrúa með aðstöðu í skólanum. Stjórnendur Selásskóla hafa lagt áherslu á að auka þátt upplýsingatækni í kennslu og hafa m.a. komið skjávörpum fyrir í öllum kennslustofum, hljóðkerfi er í nokkrum stofum, 20 spjaldtölvur eru aðgengilegar og auk þess er skólinn Google-skóli, (Google for education), sem veitir skólanum aðgang að forritum eins og t.d. Google classroom.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Brýnt er að ljúka endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og birta upplýsingar um nám og kennslu nemenda, markmið, viðmið og námsmat. Gera ætti grunnþáttum menntunar (sjálfbærni, heilbrigði og velferð) betur skil í skólanámskrá og öllum grunnþáttunum í námsvísunum. Ræða ætti framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð.

Mikilvægt er að tryggja sé að líðan nemenda sé könnuð reglulega, í Skólapúlsinum eða með könnun skólans og halda þarf áfram að leita leiða til að auka árangur nemenda á samræmdum prófum og könnunum. Vettvangslýsingar sýndu að fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám í Selásskóla en mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt enn frekar. Í samantekt matsaðila kemur fram að innlögn kennara var aðeins í 39% kennslustunda sem þeir fóru í, en mikilvægt er að huga vel að því að nemendum sé alltaf ljóst hvert markmið kennslustundarinnar er sem og viðmið um árangur. Umræður, ígrundun og gagnrýnin hugsun var almennt ekki hluti af námi sem matsaðilar sáu á vettvangi en mikil tækifæri eru til að auka áherslu á það. Vettvangsathuganir sýndu einnig að auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni, kynna þeim mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og tryggja að komið sé til móts við bráðgera nemendur. Tölvu- og upplýsingatækni var lítið notuð í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru af matsaðilum og mikilvægt að halda áfram að leggja áherslu á að auka það. Nemendasamtöl hafa ekki tíðkast í Selásskóla, en æskilegt væri að hafa nemendasamtöl markvissan hluta af námi nemenda eins og gert er með foreldrasamtöl.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist almennt af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Boðleiðir nemenda til að tjá sig um ýmis málefni eru m.a. að fara í viðtöl til skólafélagsráðgjafa, tala við umsjónarkennara og á bekkjarfundum sem eru reglulega hjá hverjum árgangi. Ef á þarf að halda kemur skólafélagsráðgjafi inn á bekkjarfundi og mikil ánægja er með aðkomu hans að málefnum nemenda. Auk þess er nemenda- og umhverfisráð vettvangur nemenda til að segja sína skoðun. Vel er haldið utan um nemenda- og umhverfisráð, það fundar reglulega, fundargerðir eru skráðar og birtar á heimasíðu.

Vinaverkefni, sem er allan veturinn í skólanum, hefur reynst mjög vel. Þá eru 2-3 nemendur úr 7. bekk með það hlutverk að hjálpa 1. og 2. bekk að fara í frímínútur og vera með leiki fyrir yngstu nemendurnar. Verkefnið hefur gengið vel og er mjög góður stuðningur fyrir yngstu nemendurnar og hvatning fyrir nemendur í 7. bekk.

Flestir foreldrar sem tóku þátt í könnun (80%) segja að þeir hafa tekið þátt í að setja barni sínu markmið í námi og 75% þeirra sögðust fá reglulega góðar leiðbeiningar um námsárangur barnsins.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Verklag til að afla sjónarmiða nemenda er ekki sérstaklega skráð eða kynnt en mikilvægt er að kynna leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið. Einnig ætti að leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og vinna samkvæmt þeim. Að ósk foreldra í rýnihópi ætti einnig að kynna fyrir foreldrum markmið skólans og leiðir að þeim með markvissum hætti.

Nemendur eiga ekki fulltrúa í skólaráði eins og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segja til um og bregðast ætti við því.

SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

Starfshættir í skólanum taka mið af hugmyndafræði skóla án aðgreiningar að því leyti m.a. að samstarf kennara byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur. Í Selásskóla eru almennt væntingar til þess að allir nemendur geti lært og jákvætt viðhorf er gagnvart stefnunni. Það er viðurkennt og virt að nemendur hafi ólík markmið og reynt er að tryggja að allir nemendur geti tekið þátt í starfinu. Stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk og stuðningsfulltúar fylgja öllum nemendum sem þurfa fylgd.

Að mati stjórnenda og starfsfólks er einn af styrkleikum skólans að vinna vel að því að sinna nemendum með sérþarfir og miða starfshættir í skólanum að hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Verkefnisstjóri sérkennslu heldur utan um skipulag er varðar stuðning og sérkennslu.

Í foreldrakönnun kom fram að foreldrum finnst skólinn almennt taka ábendingar þeirra til greina og meirihluti nemenda sem tóku þátt í könnun telur sig fá aðstoð þegar þeir þurfa. Þar kom einnig fram að nemendur upplifa almennt að þeir séu hluti af bekk og að bekkjarandinn sé góður.

Heildaráætlun um skipulag sértæks stuðnings við nemendur hefur verið gerð og nám nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er skipulagt með einstaklingsnámskrám þar sem mikilvæg atriði koma fram. Einstaklingsnámskrá, sem matsaðilar fengu afhenta, var skýr og upplýsingar varðandi þarfir, styrkleika og áskoranir nemandans komu þar fram. Áætlunin var lýsandi og vel unnin og gefur góða mynd af nemandanum og þeim áherslum sem unnið er að. Að 4-6 vikum liðum er einstaklingsnámskráin endurskoðuð. Skimanir og kannanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Skólinn nýtir sér þjónustu og ráðgjöf frá þjónustumiðstöð en kennsluráðgjafar hafa komið í skólann og veitt góðan stuðning og ráðgjöf.

Verkferlar um samvinnu milli leik- og grunnskóla og við skólaskipti eru mjög aðgengilegir í stefnu- og starfsáætlun á heimasíðu skólans.

Myndrænar stundatöflur eru almennt á yngsta stigi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Sameiginleg sýn um skóla án aðgreiningar hefur ekki verið mótuð í samvinnu og samræðu starfsfólks, foreldra og nemenda en mikilvægt er að móta þá sýn með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda. Leggja ætti áherslu á að gera heildarstefna skólans að virku skjali í starfseminni.

Virkja ætti foreldra í auknu mæli til að koma með tillögur eða hugmyndir í tengslum við skólastarfið og birta þarf starfsreglur um meðferð mála frá foreldrum á heimasíðu. Mikilvægt er að vinna og birta

móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda á heimasíðu skólans.

Sérkennsluteymi ætti að funda reglulega og markvisst og tryggja þarf að allir starfsmenn fái upplýsingar er varðar starfsemina, hafi aðgang að tölvum til að lesa upplýsingar og gert sé ráð fyrir tíma til að lesa þær.

Æskilegt væri að hafa myndrænar stundatöflur á báðum stigum, m.a. með tilliti til barna af erlendum uppruna og mikilvægt er að upplýsingar um skólann séu á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu.

VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í SELÁSSKÓLA

Matsaðilar fóru í 20 kennslustundir við ytra matið en þrjár voru ekki metnar þar sem kennslustundin féll niður að hluta til, nemendur voru að taka próf eða kennslustundin var umbunartími. Aðrar kennslustundir voru metnar út frá viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2). Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvernig útfærsla þeirra var, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni og að lokum hvernig kennslustundin var metin í heildina.

Oftast var merkt við fleiri en eina kennsluaðferð í hverri kennslustund en vettvangslýsingar sýndu að fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám í Selásskóla. Í þeim 17 kennslustundum sem voru metar kom fram að verkefnavinna var í 61% kennslustunda, innlögn var í 39% kennslustunda, sjálfstæð vinna og sköpun og tjáning var í 28% stunda, verklegt var í 17% kennslustunda og markviss samvinna var í 11% kennslustunda (tafla 2).

Tafla 2: Kennsluaðferðir í 17 kennslustundum í Selásskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Innlögn	7	39%
Verkefnavinna	11	61%
Sköpun og tjáning	5	28%
Markviss samvinna	2	11%
Sjálfstæð vinna / eigið val	5	28%
Verklegt	3	17%
Samtals	33	183%

Þegar val á verkefnum voru skoðuð í kennslustundum sem farið var í, kom í ljós að í 55% kennslustunda ákvað kennarinn verkefnið, nemandinn valdi verkefnið í 20% kennslustunda og í 15% kennslustunda ákváðu bæði kennari og nemandi verkefnið (tafla 3).

Tafla 3: Val á verkefnum í kennslustundum í Selásskóla.


Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	11	55%
Nemendur velja verkefni	4	20%
Bæði kennari og nemendur ákveða	3	15%
Á ekki við	2	10%
Samtals	20	100%

Útfærsla verkefna var ákveðin af kennara í 50% kennslustunda sem heimsóttar voru, í 25% kennslustunda höfðu nemendur val um útfærslu og í 15% kennslustunda höfðu bæði kennari og nemandi val um útfærslu (tafla 4).

Tafla 4: Val á útfærslu í kennslustundum í Selásskóla.


Val á útfærslu verkefna		
	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	5	25%
Kennari val um útfærslu	10	50%
Bæði kennari og nemendur útfæra	3	15%
Á ekki við	2	10%
Samtals	20	100%

Í vettvangsathugunum var meiri áhersla á einstaklingsvinnu en markvissa samvinnu, enda þó hún hafi verið til staðar. Einstaklingsvinna var í 80% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru, blanda af einstaklings- og samvinnu var í 7% kennslustunda og í 13 % kennslustunda voru nemendur í samvinnu.




Mynd 3: Einstaklingsvinna eða samvinna nemenda í Selásskóla.

Notkun upplýsingatækni í þeim kennslustundum sem matsaðilar fóru í var lítil meðal nemenda. Í 65% kennslustunda voru hvorki nemendur né kennarar að nota tölvu- eða upplýsingatækni, í 24% kennslustunda notuðu kennarar tölvu- og upplýsingatækni en aðeins í 6% kennslustunda notuðu bæði kennarar og nemendur tölvu- og upplýsingatækni eða bara nemendur (6%). Samtals voru nemendur því aðeins í heildina í 12% kennslustunda að nota tölvu- og upplýsingatækni.




Mynd 4: Notkun tölvu- og upplýsingatækni í 17 kennslustundum í Selásskóla.

Þegar skoðað var hvort kennarar gerðu nemendum grein fyrir markmiðum í kennslustundunum, kom í ljós að í 35% kennslustundanna voru markmið kynnt nemendum en í 55% kennslustunda var það hins vegar ekki gert.



Mynd 5: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?

Kennslustundir voru metnar eftir viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1 og 2) í vettvangsskoðunum matsaðila. Þar voru allar kennslustunda metnar góðar eða frábærar, engin þarf að bæta eða óviðunandi. Í samanburði við 1000 kennslustundir sem matsaðilar fóru í á árunum 2009-2014 voru hlutfallslega fleiri kennslustundir í Selásskóla frábærar eða góðar (100%) á móti 72% í samantektinni (sjá mynd 6).



Mynd 6: Mat á gæðum kennslustundum í samanburði við 1000 aðrar.

Tafla 5: Mat á 17 kennslustundum í Selásskóla.

Mat á kennslustundum		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	2	12%
Góð	15	88%
Samtals	17	100%

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingamiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:	Skóli
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: (merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei

Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	
Samskipti og samstarf	
Fjölbreytileikinn er virtur	
Samskipti nemenda er jákvæð	

Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum			
Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	Þarf að bæta	Óviðunandi